

Skipulagning símenntunar fyrir heyrnarskert fólk í samfélagi fyrir alla Leiðbeiningar fyrir skipulagningu fullorðinsfræðslu sem gerir ráð fyrir þátttöku heyrnarskerts fólks

Leiðbeiningar fyrir kennara og leiðbeinendur

Námshópar með einum eða fleirum einstaklingum með heyrnarskerðingar

Eftirfarandi 10 ábendingar eiga að auðvelda heyrnarskertu fólk að taka þátt í almennum námskeiðum í fullorðinsfræðslu. Áhersla er á að skapa betri grundvöll fyrir kennara í almenntri fullorðinsfræðslu til að aðlaga námskeið þannig að heyrnarskertu fólk verði kleyft að sækja fjölbreytta símenntun.

Leiðbeiningar þessar beinast að kennurum sem ekki hafa sérstaka þjálfun eða menntun til kennslu heyrnarskerts fólks. Þær eru ætlaðar sem fyrsta hjálp og uppspretta hugmynda.

Athugið

Hafi þátttakandi táknið að móðurmáli eða aðal máli bendum við á leiðbeiningar fyrir námshópa með einum eða fleirum tákniðstalandi þátttakendum. Hér lendis hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra.

Tíu ráð

1

Þátttakendur sem ekki heyra eða hafa heyrnarskerðingu eru fyrst og fremst þátttakendur eins og hver annar og það á að vera sjálfsagt mál að koma þannig fram við þá. Hér eftir verður talað um þá sem þátttakendur.

2

Heyrnarskerðingar eru með mismunandi mótí. Áður en námskeiðið hefst, eða svo fljótt sem unnt er þarft þú að fá upplýsingar frá þátttakandanum um hvað þurfi að taka til sérstakrar athugunar og hverjar þarfir hans eru. Skapaðu tækifæri til samræðna fyrirfram og hikaðu ekki við að spyrja spurninga.

3

Sjáðu um að færi sé á að lesa af vörum.

Margir treysta á varalestur þegar þeir hlusta. Hættu að tala meðan þú skrifar á töflu eða flettistöflu og þar til þú snýrð aftur að hópnum.

4

Talaðu skýrt og ekki of hratt.

Reyndu að tala í heilum setningum og ljúka hverri setningu áður en þú byrjar á nýrri. Ófullkomnar og fleygaðar setningar trufla varalestur og geta leitt til misskilnings.

5

Aðeins einn tali í einu.

Endurtaktu allar spurningar frá öðrum þátttakendum áður en þú svarar.

6

Gættu þess að það séu alltaf góð birtuskilyrði.

Athugaðu hvernig birtan dreifist um rýmið. Reyndu að staðsetja þig þannig að birta falli á andlit þitt og munn. Kennari á að forðast að standa í dimmu horni eða í skini tölvuskjás eða skjávarpa.

7

Hópvinna getur verið erfið, því þá tala oft margir samtímis. Hvenær sem hægt er ætti hópvinna að deilast á aðskilin rými til að komast hjá hávaða frá öðrum hópum.

8

Taktu hlé.

Heyrnarskertir þátttakandendur nota mikla orku bara til að heyra eða lesa af vörum. Þess vegna þurfa þeir mörg stutt hlé.

9

Forðastu hávaðasamt umhverfi frá eldhúsi, byggingarvinnu, umferð o.s.frv.

10

Tæknileg aðstoð.

Fyrir suma þátttakendur getur notkun stoðtækja svo sem tónmöskva eða FM hljóðnema verið til mikillar hjálpar

Tónmöskvakerfi gerir hljóði kleyft að berast beint frá hljóðnema kennara til þátttakanda með heyrnartæki. Þannig getur þátttakandi með heyrnartæki kleyft að taka þátt án truflandi bakgrunnshljóða.

Hægt er að setja upp færanlegt tónmöskvatæki með loftneti í kennslurýminu

Sumar byggingar eru með föstu tónmöskvakerfi

Þegar tónmöskvi er notaður heyrir þátttakandinn með heyrnartækið einungis það sem er sagt í heyrnartækið. Það krefst þess að allar umræður fari fram þannig að allir þátttakendur tala í hljóðnema.

Munið að slökkva á hljóðnemanum í kennsluhléum. Þátttakandinn heyrir í þér jafnvel þótt þú yfirgefir kennslurýmið.

Sá einnig <http://hti.is/index.php/is/heyrrn/tonmoskvar-leikhus-salir>

FM hljóðnemi er persónulegt hjálpartæki sem líkist lítilli fjarstýringu. Þátttakandinn biður kennarann annað hvort að vera með hljóðnemann á sér eða hafa á borði nálægt sér. Sumir þátttakendur hafa e.t.v. einn eða fleiri viðbótar FM hljóðnema sem aðrir í hópi þátttakenda geta notað í samræðum.

Sjá einnig <http://hti.is/index.php/is/vorur/Vara/32-easylink>

Frekari upplýsingar

Þú getur haft samband við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra <http://www.shh.is/> eða Heyrnar- og talmeinstöðina <http://hti.is/index.php/is/> til frekari sérfræðiaðstoðar vegna heyrnarskerðingar þátttakenda.